



SÁL3D05

Félagssálfræði/auglýsingasálfræði

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Kristján Ari Arason

Netfang/netföng:

kristjan.arason@borgo.is

Lýsing:

Atferli, hugsanir og viðhorf skoðuð í félagslegu samhengi. Áhersla er lögð á virkni nemenda, til dæmis kanni þeir áhrifamátt ólíkra auglýsinga á atferli fólks, geri rannsóknir á því sviði og reyni fyrir sér í auglýsingagerð. Nemendur vinna verkefni á sviði auglýsingasálfræði. Áhersla er líka lögð á að nemandi geti tekið sjálfstæða, vel rökstudda afstöðu til álitamála varðandi félagssálfræði. Í upphafi annar velja nemendur sér rannsóknarefni á sviði auglýsingasálfræði sem þeir vinna að á önninni. Efnt verður til málstofu um álitamál á sviði auglýsingasálfræði í lok annar.

Þekking, leikni, hæfni:

- Þekki rannsóknir á fordómum og tilraunum til að breyta þeim
- Viti hvaða þættir skipta máli varðandi það við hverja manni líkar og hverja ekki
- Þekki áhrif hópa, hópþrýsting og höfnun hópsins
- Þekki rannsóknir á hlýðni manna og hversdagslegar og óvenjulegar aðstæður og viti hvaða þættir hafa áhrif á hana
- Sé líklegri til að hjálpa náunga í neyð eftir að hafa kynnt sér hvernig afskiptaleysi náungans er venjulega háttáð
- Viti hvað viðhorf eru, hvort þau eru í samræmi við hegðun, hvernig hægt er að hafa áhrif á viðhorf og mæla þau
- Verði meðvitaðri um ýmsar leiðir til samskipta og tjáningar, yrtar og óyrtar, og geti túlkað afstöðu annarra ekki bara af orðum heldur einnig af líkamsstöðu og öðrum þáttum
- Öðlist innsýn í áhrif samskipta á atriði eins og vinnuanda og starfsánægju
- Þekki ólíkar skilgreiningar á persónuleika
- Þekki til inntaks auglýsingasálfræðinnar, takmarkanir hennar og kosti
- Kynnist helstu rannaóknum og rannsóknaraðferðum auglýsingasálfræðinnar

Námsmat:

- Könnun úr námsefni - félagssálfræði 30% (netnotkun óheimil í prófum)
- Rannsóknarverkefni í félagssálfræði 20%
- Hópverkefni í auglýsingasálfræði 20%
- Verkefnamappa og greining auglýsinga 20%
- Ástundun og virkni 10%

Námsgögn:

- Sálfræði II. 1988. Atkinson, Atkinson & Hilgard. Iðunn. Reykjavík.
- Kristján Guðmundsson. Námsefni í auglýsingasálfræði
- Upplýsingaleit á netinu og á bókasöfnum í tengslum við yfirferð.
- Ljósrit sem kennari útvegar í tengslum við yfirferð
- Greinar sem nemendur afla sér í gagnabönkum

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Námsmat tekur bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Rík áhersla er lögð á mætingu í áfanganum enda byggir hann á mikilli samvinnu nemenda. Ætlast er til að nemendur skili verkefnum innan uppgefna tímamarka, ella fyrirgerir nemandi rétti sínum til námsmats í viðkomandi þáttum. Við úrlausn prófa er óheimilt að nýta sér námsefni og/eða gögn af internetinu, þ.m.t. tölvugreindarforrit.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga frh. Hvað er félagssáfræði - félagslegt atferli?	
2	26.-30. ágúst	Félagslegt atferli. Félagssálfræðileg greining	
3	2.-6. sept.	Félagslegt atferli	Verkefni 10%
4	9.-13.sept.	Félagsleg áhrif	
5	16.-20.sept	Félagsleg áhrif - Félagssálfræðileg tilraun	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Félagsleg áhrif	Verkefni 10%
7	30.sept.- 4. okt.	Hlutapróf - félagssálfræðin / Kynning á rannsókn	Próf 30%
8	7.-11. okt.	Kynning á rannsókn	
9	14.-18. okt.	Auglýsingasálfræði - kynning á viðfangsefni	
10	21.-23. okt.	Auglýsingasálfræði	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Hópverkefni - auglýsingagerð	
12	4.-8. nóv.	Hópverkefni - auglýsingagerð	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Kynning á hópverkefni	
14	18.-22. nóv.	Kynning á hópverkefni	
15	25.-29. nóv	Kynning og skil á auglýsingamöppu	
16	2.-6. des.	Kynning og skil á auglýsingamöppu	Mappa 20%
17	9.-12. des	Samantekt og frágangur - ástundun	Síðasti kennsludagur Ástundun 10%

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.